

UMHVERFIS- OG SKIPULAGSRÁÐ

Ár 2023, miðvikudaginn 1. febrúar, kl. 9:12 var haldinn 256. fundur umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Borgartúni 12 - 14, 7. hæð, Hofi. Eftirtaldir fulltrúar tóku sæti á fundinum: Alexandra Briem, Hjálmar Sveinsson, Kjartan Magnússon, Pawel Bartoszek og áheyrnarfulltrúarnir Kolbrún Baldursdóttir og Trausti Breiðfjörð Magnússon. Eftirtaldir fulltrúar tóku sæti á fundinum með rafrænum hætti með vísan til 1. másl. 1. mgr. 54. gr. sbr. 4. másl. 1. mgr. 13. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar varðandi fjarfundaheimild: Aðalsteinn Haukur Sverrisson Hildur Björnsdóttir og Líf Magneudóttir. Eftirtaldir embættismenn og aðrir starfsmenn sátu fundinn: Ólöf Örvarsdóttir, Björn Axelsson, Borghildur Sölvey Sturludóttir, Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir, Guðmundur Benedikt Friðriksson, Gunnar Hersveinn Sigursteinsson, Inga Rún Sigurðardóttir og Sigurjóna Guðnadóttir.

Fundarritari var Glóey Helgudóttur Finnsdóttir.

Þetta gerðist:

1. Staða og skipulag undirbúnings Borgarlínunnar kynnt.

Arndís Ósk Arnalds og Bryndís Friðriksdóttir frá Vegagerðinni, Bjarni Rúnar Ingvarsson deildarstjóri og Atli Björn Leví verkefnastjóri taka sæti á fundinum undir þessum lið. USK22030185

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Engar beinar framkvæmdir eru farnar af stað vegna borgarlínunnar sjálfrar. Búið er að kynna nýja kostnaðaráætlun vegna verkefna samgöngusáttmálans. Kostnaður við tengd verkefni eykur heildarkostnaðinn. Nýlega var fjallað um það að kostnaður við samgöngusáttmálann aukist um 120 í rúma 170 milljarðar króna og fyrsti áfangi borgarlínu kostar 28. milljarða. Kostnaður við borgarlínu fer úr 49.6 í 68.6 milljarða einmitt vegna þessa fyrsta áfanga. Tugir milljarða fara í stokka. Þetta á að fjármagna m.a. með þróun Keldnalandins og tafagjöldum, verði ákveðið að leggja þau á. Flokkur fólksins hefur áður bent á þennan "annan kostnað" sem tengist borgarlínuverkefninu sem að ekki mun bókast sem kostnaður við borgarlínuna. Jafnvel tugmilljarða stokkar við Sæbraut og Miklubraut sem tekið verður sem samgönguverkefni. Hluti af því er til að mynda rými fyrir borgarlínuna. Nú er Reykjavíkurborg að biðja um að stokkar verði sérstyrktir til að halda hugsanlegum byggingum við stokkinn. Svo verður að taka inn í reikninginn að umferðartafir vegna þessa stokkaframkvæmda mun verða gríðarlegur. Hvert er þjóðhagslegt tjón af þeim tölum og hefur það verið reiknað út? Þá veit engin hvað rekstrarkostnaður borgarlínunnar verður. Margur "annar kostnaður" mun því gera þetta verkefni dýrara en lagt er upp með.

2. Kynning á matsáætlun og væntanlegu samráðsferli vegna gatnamóta Reykjanesbrautar og Bústaðavegar, verkefni samgöngusáttmála.

Berglind Hallgrímsdóttir frá Eflu, Bryndís Friðriksdóttir og Kristján Árni Kristjánsson frá Vegagerðinni, Atli Björn Leví verkefnastjóri og Bjarni Rúnar Ingvarsson deildarstjóri taka sæti á fundinum undir þessum lið. USK21120157

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Framsóknar, Pírata og Viðreisnar leggja fram svohljóðandi bókun:

Breytingar á gatnamótum Reykjanesbrautar og Bústaðavegar hafa lengi verið til umræðu og nú eru valmöguleikarnir að verða skýrir. Það er mikilvægt að nú farið verði í öflugt samráð við íbúa og kynningu á þeim möguleikum sem í boði eru. Það skiptir máli að leysa úr þessum umferðarpungu gatnamótum í eins mikilli sátt og kostur er. Áhrif á almenningssamgöngur og legu borgarlínu eru hluti af því sem þarf að taka afstöðu til, en einnig áhrif á bústaðahverfi og Blesugróf.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Þetta verkefni er hluti af samgöngusáttmálanum. Allar tillögur sem snúa að Borgarlínu á þessum stað bjóða ekki upp á tengingu inn á Reykjanesbraut til vinstri. Leita þarf annarra leiða af Bústaðavegi. Ástandið þarna er slæmt núna og nú liggur fyrir að mikil seinkun er á borgarlínu. Bæta þarf umferðarflæði á gatnamótum Reykjanesbrautar og Breiðholtsbrautar. Það vandamál þarf að leysa. Vandinn þar er áratuga gamall og hafa tafir á umferð kostað sitt, bæði í tíma og eldsneytiskostnaði. Umferðarflæðið snertir einkum Breiðholtsbúa, auk þeirra sem koma úr syðri sveitarfélögum. Þessi gatnamót eru talin vera ein hættulegustu gatnamót höfuðborgarsvæðisins og er það mat fjölmargra að ef einhvers staðar ættu að vera mislæg gatnamót þá er það þarna. Sjálfsagt er að kanna hvort stokkalausnir eru mögulegar, einkum með tilliti til umhverfisáhrifa. Auka þarf afkastagetu í sátt við borgarbúa náttúru á þessum stað. Raskið á Elliðaárdalnum vegna mislægra gatnamóta á þessum stað er mun minna en verður á Elliðaárdalnum vegna tengingar Arnarnesvegjar við Breiðholtsbraut samkv. sérfræðingum. Lausnir sem framkalla hávaða þarf að skoða vandlega því hljóðmanir duga ekki til að dempa hávaða frá umferð. Erfitt er að leysa hljóðvist í Blesugróf.

3. Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar dags. 26. janúar 2023 þar sem lagt er til að umhverfis- og skipulagsráð samþykki að veita heimild fyrir áframhaldandi undirbúningi, verkhönnun og gerð útboðsgagna, í samvinnu við Vegagerðina, vegna breytinga á fyrirkomulagi á gatnamótum Sæbrautar og Skeiðarvogs/Kleppsmýrarvegs. Breytingarnar felast í að: ein vinstribeygjuakrein verði af Kleppsmýrarvegi, við Sæbraut, í stað tveggja. Miðeyjur á Sæbraut verði lagfærðar. Gönguleið sunnan Kleppsmýrarvegjar verði breikkuð. Gangbrautir verði á öllum framhjálaupum með hraðalækkandi aðgerðum. Götulýsing verði bætt. Greinargerð fylgir tillögunni. Einnig eru lögð fram minnisblöð frá umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur dags. 26. janúar 2023 og Eflu dags. 27. september 2022. Samþykkt að veita heimild fyrir áframhaldandi undirbúningi, verkhönnun og gerð útboðsgagna, í samvinnu við Vegagerðina, vegna breytinga á fyrirkomulagi á gatnamótum Sæbrautar og Skeiðarvogs/Kleppsmýrarvegs. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins situr hjá við afgreiðslu máls.

Berglind Hallgrímsdóttir frá Eflu, Bryndís Friðriksdóttir, Katrín Halldórsdóttir og Kristján Árni Kristjánsson frá Vegagerðinni, Atli Björn Levy verkefnastjóri, Bjarni Rúnar Ingvarsson deildarstjóri og Höskuldur R. Guðjónsson verkefnastjóri taka sæti á fundinum undir þessum lið. USK23010060

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Framsóknar, Pírata og Viðreisnar leggja fram svohljóðandi bókun:

Bráðbrigðabreytingar á gatnamótum Sæbrautar og Kleppsmýrarvegs auka öryggi gangandi og hjólandi vegfarenda á meðan unnið er að uppsetningu göngubrúar. Við fögnum þeim.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Í gögnum er slysasaga við þessi gatnamót rakin og hún er talsverð. Það liggur fyrir að hraði bíla minnkar vegna hraðaminnkandi aðgerða. Nú á að gera breytingar á umferðarflæði og það er til bóta. Nú er vinstribeygja á tveimur akreinum frá Kleppsmýrarvegi á sama tíma og gangandi vegfarendur fara yfir Sæbraut sem er mjög óæskilegt m.t.t. umferðaröryggis. Fækka á um aðra vinstribeygjuna á Kleppsvogi. Aðgerðin, að aðeins sé ein vinstri beygjurein frá Kleppsmýrarvegi, suður Sæbraut mun óhjákvæmilega minnka flæði ökutækja frá Kleppsmýrarvegi á annatíma. Ávinningur m.t.t. umferðaröryggis er ótvíræður og er það gott. Í undirbúningi er að gera bráðabirgðagöngubrú til að auka öryggi gangandi vegfarenda á leið yfir Sæbraut enn frekar þar til stokkur verður gerður. Hraða þarf að koma í gang alvöru aðgerðum til að leysa þessi hættulegu gatnamót sem er brú

og stokkur. Á meðan munu þessar tímabundnu lausnir vonandi virka sem skyldi.

4. Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar dags. 25. janúar 2023 þar sem lagt er til að umhverfis- og skipulagsráð samþykki eftirfarandi sérákvæði fyrir umferð: Gönguþverun yfir frárein af Sæbraut inn á Skeiðarvog verði merkt sem gangbraut, gönguþverun yfir frárein af Sæbraut inn á Kleppsmýrarveg verði merkt sem gangbraut, gönguþverun yfir aðrein af Kleppsmýrarveg inn á Sæbraut verði merkt sem gangbraut og gönguþverun yfir aðrein af Skeiðarvogi inn á Sæbraut verði merkt sem gangbraut. Ofangreindar ráðstafanir verði merktar með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingum í samræmi við reglugerð nr. 289/1995, um umferðarmerki og notkun þeirra, með áorðnum breytingum. Greinargerð fylgir tillögunni. Einnig er lagt fram bréf Vegagerðarinnar dags. 10. janúar 2023. Samþykkt. USK22010020

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Um er að ræð upphækkanir og merkingar á gangbrautum þvert yfir veg á gatnamótum Sæbrautar og Skeiðarársvogs/Kleppsmýraveg. Að gera gangbrautir vel sýnilegar með upphækkun er sjálfsagt mál og þarna sem annars staða á að taka mikið tillit til gangandi vegfaranda.

5. Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar leggur til að umhverfis- og skipulagsráð samþykki að veita heimild fyrir áframhaldandi undirbúningi, verkhönnun og gerð útboðsgagna vegna breytinga á fyrirkomulagi gangstéttar og bílastæða við Brautarholt 16-20 í samræmi við hjálagða skýringarmynd dags. 26. janúar 2023 og vinni í kjölfarið forhönnun að endurhönnun götunnar í heild þar sem lögð er áhersla vistlegt yfirbragð götunnar þar sem eru góðar aðstæður fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur og gróður. Greinargerð fylgir tillögunni. Frestað. USK22120052
6. Lögð fram umsagnarbeiðni Skipulagsstofnunar dags. 16. desember 2022 vegna breytingar á Hamraneslínunum 1 og 2, ásamt skýrsla Landsnetar dags. 13. desember 2022: Breytingar á Hamraneslínunum 1 og 2 fyrirspurn um matsskyldu. Einnig er lögð fram umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, um breytingar á Haraneslínu 1 og 2, dags. 23. janúar 2023.

Þórólfur Jónsson deildarstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið. USK22122937

Umhverfis- og skipulagsráð leggur fram svohljóðandi bókun:

Í aðalskipulagi Reykjavíkur hefur til áratuga verið gert ráð fyrir að Hamraneslínur víki úr Heiðmörk. Með þessari endurnýjun virðist vera stefnt að því að lengja líftíma þeirra um 30 ár í núverandi legu og eru það vonbrigði. Ráðið leggur áherslu á að opnað verði á samtal við Landsnet um framtíðaráform þar sem komið verði til móts við Reykjavíkurborg og það samkomulag sem talið var að væri í gildi.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Breyting á Hamraneslínunum 1 og 2, umsögn. Líklega er hér um nauðsynlega aðgerð að ræða, en sýnir einnig að lagning jarðstrengs er ekkert einfalt mál. Þetta svæði er ekki í borgarlandinu. Breytingin á sér ekki stað í Reykjavík en línan liggur hjá Rauðavatni og beint suður til Hafnarfjarðar. Hafnarfjörður vill þetta í burtu til að skipuleggja íbúahverfi og vilja því færa línuna í jörð. Fram kemur í umsögn og tekið er undir það að það eru vonbrigði að "línurnar séu ekki að fara úr útivistarsvæðinu í Heiðmörk þó skilningur sé á orsendubreytingum fyrir valkosti sem orðið hafa, þ.e. eldvirkni á Reykjanesi." Fulltrúi Flokks fólksins telur að umsögnin hefði mátt taka á fleiri þáttum í þessu sambandi og þá að ávarpa þróun málsins til framtíðar.

7. Lagt fram bréf Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 31. janúar 2023, um samstarf um endurheimt náttúrugæða í Elliðaárdal vegna niðurlagningaráætlunar Elliðaárvirkjunar og endurskoðunar á gildandi deiliskipulagi svæðisins. Einnig er lögð fram samantekt Orkuveitu Reykjavíkur, ódags. og samanburðaáætlun Verkís, dags. í september 2022.

Eiríkur Hjálmarsson frá Orkuveitu Reykjavíkur tekur sæti á fundinum með rafrænum hætti. USK23010309

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Framsóknar, Pírata, Viðreisnar, Sjálfstæðisflokksins, Vinstri grænna og áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Ekki er gerð athugasemd við að umhverfis- og skipulagssvið hefji undirbúning á endurskoðun deiliskipulags Elliðaárdals samhliða gerð niðurlagningaráætlunar sem Orkuveitu Reykjavíkur ber að vinna. Mikilvægt er náin samvinna sé milli Orkuveitu og Reykjavíkurborgar við hvorutveggja og leggja skal áherslu á samtali við hagaðila og vandaða upplýsingagjöf í ferlinu öllu.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Það er afstaða fulltrúa Flokks fólksins að varðveita náttúru eins og hægt er. Því miður hefur verið gengið freklega á græn svæði, fjörur og aðra náttúru í borgarlandinu. Nú þegar er Elliðaárdalurinn heilmikið mótaður af mönnum og náttúran hefur vikið. Skoðun fulltrúa Flokks fólksins er að náttúran eigi að njóta vafans og unnið verði að því að Elliðaárnar renni eins og áður en þær voru virkjaðar. Ef heldur áfram sem horfir með þá stefnu sem meirihlutinn rekur þá mun að lokum hvergi finnast ósnortin náttúra lengur í borgarlandinu. Stíflan hefur verið varanlega tæmd og fyrir liggur að OR er hætt raforkuframleiðslu í Elliðaám. Hvort stíflan fari eða veri og veri hún, hvort þá verði gert eitthvað með hana er allt opið eftir því sem fram kemur í skýrslu sem liggur fyrir um málið. Þar kom m.a. fram að nauðsynlegt er að hafa enn viðameira samráð og við fleiri aðila til að komast hjá óþarfa árekstrum. Tryggja verður alvöru samtali, samráð og upplýsingaflæði á meðal lykilaðila, íbúa og áhugafólks um dalinn. Þeir sem vilja stífluna burt rökstyðja mál sitt þannig að öðruvísi verði Elliðaárdalurinn ekki færður í fyrra form. Einnig er þetta spurning um hið "sjónræna" Dalurinn verður þá ekki lengur tvískiptur.

8. Lögð fram fundargerð embættisafgreiðslufunda skipulagsfulltrúa frá 26. janúar 2023. USK23010150
9. Lögð fram fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa, dags. 24. janúar 2023. USK22120096
10. Lagt fram uppgjör umhverfis- og skipulagssviðs janúar - nóvember 2022.
Hreinn Ólafsson fjármálastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið. USK23010311
11. Lagt fram bréf borgarstjóra, dags. 19. janúar 2023, vegna samþykktar borgarráðs s.d. á auglýsingu á tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir Spöngina, einingu H, vegna hjúkrunarheimilis við Mosaveg. SN220067
12. Lagt fram bréf borgarstjóra, dags. 19. janúar 2023, vegna samþykktar borgarráðs s.d. á auglýsingu á tillögu að breytingu á deiliskipulagi reits 1.184.0, Bergstaðastrætisreita, vegna lóðanna nr. 4, 4B, 6 og 6B við Spítalastíg. USK22122958
13. Lagt fram bréf borgarstjóra, dags. 19. janúar 2023, vegna samþykktar borgarráðs s.d. á auglýsingu á tillögu að breytingu á deiliskipulagi reits 1.133.1, Landhelgisgæslureits, vegna lóðarinnar nr. 61 við Vesturgötu. SN220428
14. Lagt fram bréf borgarstjóra, dags. 25. janúar 2023, vegna samþykktar borgarstjórnar þann 6. desember 2022 á 3. lið fundargerðar borgarráðs frá 24. nóvember 2022 um breytingu á deiliskipulagi Ármannsreits vegna Sóltúns 2-4. SN210452
15. Lagt fram bréf borgarstjóra, dags. 25. janúar 2023, vegna samþykktar borgarstjórnar þann 6. desember 2022 á 2. lið fundargerðar borgarráðs frá 24. nóvember 2022 um deiliskipulag fyrir Presthús á Kjalarnesi. SN210265

16. Lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, dags. 16. janúar 2023, ásamt kæru, dags. 16. janúar 2023, þar sem kærð er samþykkt borgarstjórnar frá 6. desember 2022 um nýtt deiliskipulag fyrir jörðina Prestshús á Kjálarnesi. USK23010279
17. Lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, dags. 18. nóvember 2022, ásamt kæru nr. 131/2022, dags. 15. nóvember 2022, þar sem kærð er ákvörðun Reykjavíkurborgar um breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar nr. 26 við Kvistaland. Einnig er lögð fram greinargerð Reykjavíkurborgar, dags. 24. janúar 2023. SN220758
18. Kynning á umsögn um tillögu fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um lýsingartíma við götur og göngu- og hjólastíga, sem lögð var fram á fundi umhverfis- og skipulagsárs, dags. 25. janúar 2023. Samþykkt. Fulltrúi Vinstri grænna situr hjá við afgreiðslu málsins.

Hjalti Jóhannes Guðmundsson, skrifstofustjóri og Ársæll Jóhannsson, byggingartæknifræðingur taka sæti á fundinum undir þessum lið. USK22110142

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Framsóknar, Pírata, Viðreisnar, Sjálfstæðisflokksins og áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Líkt og fram kemur í umsögn sviðsins var ákveðið að breyta lýsingartíma gatnalýsingar í Reykjavík til samræmis við önnur nágrannasveitarfélög um seinustu áramót. Efni tillögunnar hefur því þegar komið til framkvæmda en ráðið styður þær aðgerðir sem í henni fólust.

19. Lögð fram að nýju fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um fjölda íbúða sem standa auðar núna hjá Félagsbústöðum vegna standsetningar eða vegna annarra ástæðna, sbr. 39. lið fundargerðar umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 14. desember 2022. Einnig er lagt fram svar Félagsbústaða, dags. 26. janúar 2023. USK22122900

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Flokks fólksins óskaði eftir upplýsingum fjölda íbúða sem standa auðar hjá Félagsbústöðum vegna standsetninga eða af öðrum ástæðum. Spurt er vegna erfiðleika á húsnæðismarkaði og því mikilvægt að nýta íbúðir Félagsbústaða sem best. Í svari segir að þann 26. janúar 2023 eru 65 íbúðir/leigueiningar skráðar í standsetningu/viðhald og er staða þeirra mismunandi. Það sem skiptir hvað mestu máli er sá tími sem tekur að standsetja íbúðirnar og koma þeim í gagnið aftur. Af svari að dæma er sá tími sem það tekur ekki óeðlilegur eða frá 3 vikum í 8 vikur en lengur fyrir þær íbúðir sem þurfa heildarendurnýjun.

20. Lögð fram að nýju tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um stoppistöð Strætó við Esjuna, sbr. 28. lið fundargerðar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 11. janúar 2023. Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar. USK23010122
21. Lögð fram að nýju tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um strætóleið nr. 14, sbr. 15. liður fundargerðar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 18. janúar 2023. Tillögunni er vísað til meðferðar Strætó bs. USK23010214
22. Lögð fram að nýju tillaga fulltrúa Vinstri grænna um stýrihóp fyrir aðgerðir til að bregðast við loftmengun á gulum og gráum dögum, sbr. 16. liður fundargerðar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 18. janúar 2023. Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar. USK23010211
23. Lögð fram að nýju tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um strætó og orkumál, sbr. 34. lið fundargerðar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 11. janúar 2023. Vísað til meðferðar Strætó bs. USK23010123
24. Lögð fram að nýju fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um Siglunes, sbr. 40. lið fundargerðar umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 14. desember 2022.

Tillögunni er vísað frá. USK22122901

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Flokks fólksins lagði fram á síðasta fundi fyrirspurn um hvernig meirihlutinn ætlar að taka á áskorun fjölmargra um að hætta við að loka siglingafélaginu Siglunesi eins og meirihlutinn hefur lagt til? Fyrirspurninni er vísað frá með þeim rökum að umhverfis- og skipulagsráð getur ekki svarað henni. Meðal sparnaðatillagna meirihlutans voru því miður nokkrar tillögur sem höggva þungt, skerða þjónustu og starfsemi sem stór hópur fólks nýtur og þarfnast. Ekkert samráð var haft um það að leggja niður starfsemi Siguness. Ein þessara ákvarðana hefur verið snúið til baka, Vin dagstur fær að halda áfram alla vega til áramóta. Unglingasmiðjurnar Stígur og Tröð leggjast af markhópi úrræðanna verði sinnt í samstarfi fagfólks félagsmiðstöðva sem nú þegar anna nú þegar ekki starfseminni. Unglingasmiðjurnar Stígur og Tröð hafa tekið á móti unglingum sem hafa orðið fyrir einelti, eru óframfærni eða óvirkir, sýna einkenni kvíða og þunglyndis. Starfsemi Siglunes er einstök, fyrst og fremst fyrir þær sakir að þar er ekki rekið hefðbundið íþróttastarf. Lökendur stunda ekki æfingar, keppa ekki og þar er engin afreksstefna. Þar fá öll börn, og sér í lagi þau sem ekki finna sig í hefðbundnu afreksstarfi íþróttafélaganna, að finna kröftum sínum farveg til að eflast og proskast á jafningja grundvelli.

25. Áheyrnarfulltrúi Sósíalístaflokks Íslands leggur fram svohljóðandi tillögu:

Lagt er til að Reykjavíkurborg tryggi aukna tíðni hjá Strætó á þeim leiðum sem ganga innan borgarinnar. Leiðirnar gangi þannig á 10 mínútna fresti á virkum dögum. Greinargerð fylgir tillögunni.
Frestað. USK23020017

26. Fulltrúi Viðreisnar leggur fram svohljóðandi fyrirspurn:

Reglulega koma fram fyrirspurnir frá íbúum um að breyta bílskúrum. Algengast er að óskað sé eftir að þeim sé breytt í íbúðir, vinnustofur eða atvinnuhúsnæði. Svörin við fyrirspurnum geta verið misjöfn eftir staðsetningu, gildandi skipulagi, fyrirhugaðaðri notkun og fleiri þáttum. Óskað eftir lista yfir innsendar fyrirspurnir um breytingar á bílskúrum frá 2021 ásamt stuttri reifun á niðurstöðu í hverju þeirra. USK23020020

27. Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi fyrirspurn:

Flokkur fólksins óskar upplýsingar um hvort fylgst sé með aksturslag strætóbílstjóra og hvort þeir fylgi eftir þjónustu stefnunni. Óskað er eftir yfirlit yfir stöðu þjónustumála síðustu 5 ár. Ökulag, ekið of hratt og ekki varkárni gætt. Flokkur fólksins hefur fengið ábendingar um að stundum er ekið af stað áður en fólk hefur komið sér í sæti og t.d. fólk með börn hefur næstu verið dottið. Eins er mikilvægt að bílstjórar sýni vinsemd og kurteisi eins og flestir bílstjórar gera án efa. Minnt er á þjónustustefnu Strætó sem stjórn hefur einmitt verið að státa sig af. Segir í henni að bílstjórar og annað starfsfólk eigi að vera vingjarnlegt og hjálpfúst gagnvart öllum viðskiptavinum. Bílstjóri ber ábyrgð á sínum farþegum og að þeir komist heilir út úr vagninum. Staða strætisvagnabílstjóra er eins og staða flugstjóra. Velferð og öryggi farþega á að vera þeim mikilvæg. USK23020013

28. Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi fyrirspurn:

Nú stendur til árið 2024 að hefja framkvæmdir við Sæbraut í stökk. Sú framkvæmd á að taka 3 ár og á meðan verður einungis ein akrein í hvora átt. Það mun þýða að álag mun aukast á aðrar brautir og mögulega Skeiðarvog þegar bílar eru að reyna að komast fram hjá Sæbraut. Fulltrúi Flokks fólksins óskar að spyrja hvort þetta hafi verið skoðað eða kannað? Nú er töluverð umferð bíla um Súðavog og Skeiðarvog norðan frá. Súðavogi verður alfarið lokað 2024 og því mun umferð aukast um Skeiðarvog og Skútavog og hugsanlega inn í hverfi. En fulltrúi Flokks fólksins óskar eftir að fá upplýsingar um hvert fer umferðin af Sæbraut fer? Þarf að hafa stökk frá Ártúnshöfða að Skeiðarvogi? Sá

stokkur mun alla vega kosta 15 milljarða. Ef að umferðin beinist inn í hverfi, mun þá slyshætta aukast þar? Þarf að fara í aðgerðir til að minnka þá hættu? USK23020015

29. Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi fyrirspurn:

Fulltrúi Flokks fólksins fékk sent erindi frá borgarbúa sem sendi inn ábendingu inn á ábendingarvefinn en fékk óljóst og óskýrt svar. Um varð að ræða umferðaröryggi á Laugarásvegi. Þar vantar merkingar um að hraði var lækkaður í 30 km./klst. fyrir nokkru síðan. Sérlega vantar skýrar og sýnilegar bæði sérskilti og að málað sé á götuna. Þetta er ein lengsta íbúðargata í hverfinu sem veldur því að bílar keyra iðulega mjög hratt og langt umfram hámarkshraða á götunni. Vinsamlegast gangið í málið sem allra fyrst, það er fjöldinn allur af börnum sem búa við þessa götu. Í svari til viðkomanda sem sendi inn ábendinguna segir að „ábendingunni hefði verið lokað“. Ekki stóð neitt frekar hvað yrði gert ef eitthvað. Engin frekari skýring. Fulltrúi Flokks fólksins óskar upplýsinga um hvaða reglur gilda um þegar fólki sem sendir inn ábendingar er svarað. Spurt er hér hvað þetta þýðir að svara „að ábendingu hafi verið „lokað“ og hvaða ályktanir eigi að draga að svari sem þessu. USK23020022

- Kl. 12:09 víkur Hildur Björnsdóttir af fundi.

Fundi slitið kl. 12:22

Alexandra Briem

Aðalsteinn Haukur Sverrisson
Kjartan Magnússon
Pawel Bartoszek

Hjálmar Sveinsson
Líf Magneudóttir

Afgreiðsla byggingarfulltrúa skv. viðauka 2.4 um embættisafgreiðslur byggingarfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar

Afgreiðsla byggingarfulltrúa skv. viðauka 2.4 um embættisafgreiðslur byggingarfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar. Árið 2023 þriðjudaginn 24. janúar kl. 10:25 fyrir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 1195. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn í fundarherberginu 2. hæð Borgartúni 12-14. Þessi sátu fundinn: Nikulás Úlfar Másson, Harri Ormarsson, Sigrún Reynisdóttir, Vala Ragna Ingólfssdóttir og Vífill Björnsson. Fundarritari var Guðrún Ósk Hrólfsdóttir.

Þetta gerðist:

1. Álftahólar 4-6 - BN061616 Sótt er um leyfi til að setja svalaskýli á allar svalir og nýklæða suðurhlíð matshluta nr. 02 og 03, húsa nr. 4 og 6 á lóð nr. 2-8 við Álftahóla. Erindi fylgir bréf breytinga dags. 16. september 2022, afrit umsagnar skipulags vegna fyrirspurnar umsækjanda dags. 6. maí 2022 og afrit skýrslu ráðgjafar vegna viðhaldsskoðunar dags. 2. febrúar 2021. Gjald kr.13.200. Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010. Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing sé samþykkt fyrir útgáfu byggingarleyfis, henni verði þinglýst eigi síðar en við lokaúttekt.
2. Ármúli 7 - USK22122941 Sótt er um leyfi til að byggja þriggja hæða viðbyggingu og sameina matshluta nr. 04 inn undir matshluta nr. 01, fyrir áætlaðan rekstur læknameiðstöðvar, steinsteypt mannvirki einangrað og klætt að utan með léttri plötu- og glerklæðningu, í húsi á lóð nr. 7 við Ármúla. Stærð mhl.01 eftir breytingu: 5.286,4 ferm., 19.600,3 rúmm. Erindi fylgir hönnunar- og verkáætlun dags. 23. ágúst 2022, greinargerð brunahönnuðar, útg. 1.0, dags. 12. desember 2022. Frestað. Vísað til athugasemda.
3. Ármúli 7 - USK23010154 Sótt er um leyfi til niðurrifs á matshluta nr. 02, skemma á lóð nr. 7 við Ármúla. Stærð niðurrifs: ferm., rúmm. Erindi fylgir bréf hönnuðar dags. 10. janúar 2023 og teikning hönnuðar dags. 16. desember 2022.. USK23010154 Frestað. Vísað til athugasemda.
4. Ármúli 9 - USK22122942 Sótt er um leyfi til að opna á eldvarnarvegg á lóðarmörkum, opnun inn í byggingu á lóð nr. 7 á 1. hæð og í efri kjallara, auk þess er rými 0101, 0150 og 0152 innréttað fyrir verslun í húsi á lóð nr. 9 við Ármúla. Erindi fylgir yfirlit breytinga unnið á útgefnum aðaluppdráttum erindis BN059482. Erindi tengt USK22122941 vegna opnun eldvarnarveggja yfir lóðarmörk. Gjald kr.14.000}. USK22122942 Frestað. Vísað til athugasemda.
5. Bergstaðastræti 18, flutningshús - áður Bergstaðastræti 7 - BN061841 Sótt er um leyfi til að koma fyrir flutningshúsi á steiptum kjallara, áður Bergstaðastræti 7, húsið verður lengt og hækkað, viðbygging á bakhlið stækkuð og byggð ný á austurgafli og til að innrétta fjórar íbúðir á lóð nr. 18 við Bergstaðastræti. Lagðar eru fram umsagnir Borgarsögusafns dags. 19. mars 2019, Minjastofnunar Íslands dags. 19. mars 2019 og umsagnir skipulagsfulltrúa dags. 18. október 2021 og 19. janúar 2023. Stærð, A-rými: 352,8 ferm., 941,4 rúmm. B-rými: 6,1 ferm. Samtals: 358,9 ferm. Gjald kr. 13.200. BN061841

Frestað. Vísað til athugasemda og umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 19. janúar 2023.

6. Blesugróf 30 - BN061785 Sótt er um leyfi til að byggja steinsteypt, einnar hæðar einbýlishús á lóð nr. 30 við Blesugróf.
Erindi fylgir umsögn skipulagsfulltrúa dags. 20. janúar 2023 og bréf skipulagsfulltrúa dags. 23. janúar 2023.
Stærð, A-rými: 296,5 ferm., 830,2 rúmm.
B-rými: 20 ferm.
Samtals: 316,5 ferm.
Gjald kr. 13.200. BN061785
Sýnað. Með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 19. janúar 2023.
7. Blikastaðavegur 10 - BN060296 Sótt er um leyfi til að byggja staðsteypta spennistöð, með þrjú aðskilin spennirými, á norðaustur hluta lóðar nr. 10 við Blikastaðaveg.
Spennistöð stærð: 325,8 ferm., 3.792,4 rúmm. Gjald kr. 12.100. BN060296
Frestað. Vísað til athugasemda.
8. Borgartún 8-16A - BN061710 Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN060881 þannig að innra skipulag breytist á 8. og 9. hæð verslunar- og skrifstofuhúss að Katrínartúni 2, á lóð nr. 8-16A við Borgartún. Erindi fylgir yfirlit breytinga. Gjald kr. 13.200. BN061710
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
9. Bæjarháls 1 - BN061871 Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi kjallara, hæða -1 og -2, snyrting á hæð -1 fjarlægð og á hæð -2 er komið fyrir stoðrymum í matshluta nr. 09, húsi á lóð nr. 1 við Bæjarháls.
Erindi fylgir yfirlit breytinga, unnið á teikn. BN042003 og BN049419. BN061871
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
10. Fiskislóð 65 - USK22122989 Sótt er um leyfi til þess að breyta notkun rýma 0101, 0103 og 0104 og innréttu þvottahús í húsi nr. 65, mhl.04, á lóð nr 53-69 við Fiskislóð.
Erindi fylgir bréf frá hönnuði dags. 22. desember 2022 og yfirlit breytinga á afriti af teikningum stimpluðum 14. janúar 2001.
Gjald kr. 13.200. USK22122989
Frestað. Vísað til athugasemda.
11. Fossaleynir 6 - BN061837 Sótt er um leyfi til þess að breyta notkun og innra skipulagi vörugæmslu, innréttu golfhermisal með afgreiðslu og veitingarsölu með aðkeyptar veitingar, skrifstofur, starfsmannarými og geymslur í atvinnuhúsi á lóð nr. 6 við Fossaleyni.
Gjald kr. 13.200. BN061837
Frestað. Vísað til athugasemda.
12. Fákafen 9 - BN061839 Sótt er um leyfi til að sameina rými 0101 og 0102 og innréttu fyrir fataverslun, í húsi á lóð nr. 9 við Fákafen.
Gjald kr.13.200. BN061839
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
13. Garðsstaðir 36 - USK22122952 Sótt er um leyfi til að reisa viðbyggingu, tengibyggingu og geymslu suðaustan við núverandi hús, úr krosslímdum timbureiningum, einangrað og klætt læstri zink klæðningu að utanverðu, tengibygging milli húss og viðbyggingar er gler, við hús á lóð nr. 36 við Garðsstaði.
Stærð: xx,x ferm., xx,x rúmm.
Erindi fylgir afrit umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 7. júlí 2021, bréf hönnuðar dags. 8. desember 2022, hæðar- og mælislað, vottorð um stjórnunarkerfi hönnuðar, gildistíma til 3. júlí 2023. Greinargerð hönnunarstjóra dags. 25. nóvember 2022,
Gjald kr.14.000. USK22122952
Frestað. Vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

14. Hafnarstræti 1-3 - BN061676 Sótt er um leyfi til að breyta erindi, BN059102, þannig að hætt er við eldhús og breytt er innra skipulagi veitingarstaðarins í fl. III, tegund f, sem er samþykktur fyrir 80 gesti í rými 0105 í húsi á lóð nr. 1-3 við Hafnarstræti. Erindi fylgir greinagerð brunahönnuðar dags. 13. október 2022. Gjald kr. 13.200.
Frestað. Vísað til athugasemda.
15. Hallgerðargata 1 - BN061884 Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN055390 þannig að fyrirkomulagi geymslna og tæknirýma í kjallara er breytt, einnig er breytt brunakröfu á einhverjum hurðum, innra skipulagi eldhúsa íbúða og leikskóla ásamt lóðarhönnun fjölbýlishúss og leikskóla á lóð nr. 1 við Hallgerðargötu. Gjald kr. 13.200. BN061884
Frestað. Vísað til athugasemda.
16. Haukdælabraut 118 - BN061866 Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN053496 v/lokaúttektar þannig að staðsetningu á setlaug hefur verið breytt við einbýlishús á lóð nr. 118 við Haukdælabraut.
Gjald kr. 13.200. BN061866
Frestað. Lagfæra skráningu.
17. Hjallavegur 23 - USK23010066 Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi BN051778 v/lokaúttektar, þannig að fallið er frá því að byggja svalir við suðurhlið íbúðar 0101 í tvíbýlishúsi á lóð nr. 23 við Hjallaveg.
Gjald kr. 14.000
Frestað. Vísað til athugasemda.
18. Helgugrund 8 - USK22122943 Sótt er um leyfi fyrir ýmsum áður gerðum breytingum á innra skipulagi ásamt því að gera nýjan inngang á vesturhlið og þakglugga á norðurþekju einbýlishúss á lóð nr. 8 við Helgugrund.
Gjald kr. 13.200.
Frestað. Vísað til athugasemda.
19. Hringbraut 50 - BN061844 Sótt er um leyfi til að byggja garðskála í suðurgarði sem tengist 1. hæð Grundar á lóð nr. 50 við Hringbraut.
Erindi fylgir varmatapsrammi dags. 27. nóvember 2022, bréf hönnuðar dags. 30. nóvember 2022, umsögn skipulagsfulltrúa dags. 10. júní 2022 og bréf frá Minjastofnun dags. 30. janúar 2022.
Einnig fylgir umsögn skipulagsfulltrúa dags. 20. janúar 2023 og bréf skipulagsfulltrúa dags. 23. janúar 2023.
Stækkun: 112 ferm., 367 rúmm.
Gjald kr. 13.200.
Frestað. Lagfæra skráningu.
20. Kirkjustétt 4 - USK22122940 Sótt er um leyfi til að breyta verslun, bakaríi, í veitingastað í fl. II, teg. E fyrir 25 gesti í rými 02-0104 í húsi nr. 4 á lóð nr. 2-6 við Kirkjustétt.
Frestað. Vísað til athugasemda.
Kleifarvegur 12 - Breytingar kjallara - garðskáli 1.hæð - BN061567 Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi í kjallara, baðherbergi er endurnýjað og stækkað og garðskála er komið fyrir undir svölum 1. hæðar húss á lóð nr. 12 við Kleifarveg.
Stækkun: 31,7 ferm., 73,1 rúmm.
Erindi fylgir umboð eiganda íbúðar 01-0101 dags. 29. september 2022, samþykki í formi áritunar á smækkað afrit aðaluppdráttar dags. 29. september 2022, afrit fundargerðar húsfélags dags. 16. október 2022. og yfirlit breytinga unnið á afrit aðaluppdráttar erinda BN057778 og BN058529. Einnig fylgir útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa 20. október 2022 ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags 18. október 2022 og bréf skipulagsfulltrúa dags. 21. október 2022.
Gjald kr. 13.200.
Frestað. Lagfæra skráningu.
21. Kornagarðar 1 - BN061727 Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi 1. hæðar og millipalls, matshluti nr. 01, í húsi á lóð nr. 1 við Kornagarða.
Erindi fylgir yfirlit breytinga unnið á afriti útgefina aðaluppdráttar erinda BN056501 og

BN058458.
Gjald kr.13.200.
Frestað. Vísað til athugasemda heilbrigðiseftirlitsins.

22. Kvistaland 26 - USK22122990 Sótt er um leyfi til að byggja steinsteyptan leikskóla, á undirstöðum eldri leikskóla, hluti útveggja og gólfplatna verður nýttur áfram, fyrir 110 börn á lóð nr. 26 við Kvistaland.
Erindi fylgir yfirlitsmynd arkitekts um byggingarhluta sem rifnir hafa verið, minnisblað frá Mannvit v/endurbyggingar dags. 10. október 2022 og greinargerð um hljóðvist frá Mannvit dags. 25. nóvember 2022.
Stærð, A-rými: 778 ferm., 3.248,3 rúmm.
Brými: 8,6 ferm.
Samtals: 786,6 ferm.
Gjald kr. 14.000.
Frestað. Vísað til athugasemda.
23. Laugavegur 33, 33A og 33B - BN059113 Sótt er um leyfi til að breyta gluggum, fjarlægja múrhúð, gera svalir á vesturhlið 2. hæðar og á götuhlið 2. og 3. hæðar og færa til upprunalegs útlits hús á lóð nr. 33, 33A og 33B við Laugaveg. Erindi fylgir yfirlit breytinga, umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 22. mars 2021 og dags. 27. september 2021. Gjald kr. 12.100.
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing sé samþykkt fyrir útgáfu byggingarleyfis, henni verði þinglýst eigi síðar en við lokaúttekt.
24. Nökkvavogur 42 - BN061876 Sótt er um leyfi til þess að breyta glugga í hurð og gera svalir á suðausturhlið íbúðar 0101 með stiga niður í garð tvíbýlishúss á lóð nr. 42 við Nökkvavog.
Erindi fylgir samþykki meðlóðarhafa á teikningu Plús arkitekta og A3 afrit af eldri samþykktum aðalteikningum.
Gjald kr. 13.200.
Frestað. Vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.
25. Rafstöðvarvegur 14 - BN061824 Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi, koma fyrir lyftu og innréttu gestastofu, viðburðarrými, skrifstofu og fundarherbergi, fjarlægja utanhússklæðningar og endurgera straumskiptistöð Orkuveitu Reykjavíkur á lóð nr. 14 við Rafstöðvarveg.
Erindi fylgir yfirlit og lýsing breytinga dags. 27. október 2022, umsögn Minjastofnunar dags. 1. nóvember 2022 og greinargerð um brunahönnun dags. 23. nóvember 2022.
Gjald kr. 13.200.
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
26. Síðumúli 15 - BN061812 Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi norðurenda 2. hæðar og 3. hæðar, á 2. hæð er innréttað fyrir snyrtistofu, í húsi á lóð nr. 15 við Síðumúla.
Erindi fylgir greinargerð brunahönnuðar dags. 18. nóvember 2022 og yfirlit breytinga unnið á afriti aðaluppdráttu útgefna þann 6. júní 1973.
Gjald kr.13.200.
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
27. Skeifan 11 - BN061770 Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN061362 þannig að innra fyrirkomulag verslunar er breytt á húsi nr. 11 á lóð Skeifunnar.
Bréf hönnuðar dagsett 14.nóvember 2022 fylgir erindinu.
Gjald kr.13.200.
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing sé samþykkt fyrir útgáfu byggingarleyfis, henni verði þinglýst eigi síðar en við lokaúttekt.

28. Skipholt 5 - BN061792 Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN059811 - svalir/flóttapallur íbúðar 0201 er minnkaður og flóttaleið færð og verði út um baðherbergi íbúðar, í húsi matshluta nr. 01, á lóð nr. 5 við Skipholt.
Erindi fylgir yfirlit breytinga unnið á afriti útgefinna aðaluppdráttu erindis BN059811.
Gjald kr.13.200.
Frestað. Vísað til athugasemda.
29. Skúlagata 4 - BN061487 Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN059608 þannig að gerðir verða gluggar á aðstöðu bílstjóra á norðurhlíð 1. hæðar og innra skipulagi er breytt á 4., 5. og 6. hæð í húsi á lóð nr. 4 við Skúlagötu. Erindi fylgir yfirlit breytinga og brunahönnun frá Verkís dagsett 13. september 2022. Gjald kr. 12.600.
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
30. Skúlagata 40-40B - BN061751 Spurt er um leyfi til að breyta skráningu á íbúðarherbergi, rými 09-0203, í íbúð, í húsi nr. 40 á lóð nr. 40-40B við Skúlagötu.
Frestað. Óskað skal eftir íbúðaskoðun.
31. Suðurlandsbraut 34/Ár - BN061572 Sótt er um leyfi til byggingar á staðsteyptu fjölbýlishúsi, byggingin er sjö hæðir auk kjallara með 69 íbúðum, verslun og þjónustu á 1. hæð til norðurs, í norðurhorni lóðar, sorplausn íbúða í sjö djúpgámum norðvestan A reits orkureits, matshluti nr. 02, á lóð Suðurlandsbraut 34/Ár.
Stærð mhl.02: 6.506,6 ferm., 20.222,5 rúmm.
Erindi fylgir greinargerð hljóðvistar dags. 3. október 2022. Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 24. nóvember 2022 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 24. nóvember 2022. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 25. nóvember 2022.
Umsókn um niðurrif er í erindi BN061409.
Gjald kr.13.200.
Frestað. Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.
32. Tómasarhagi 32 - BN061473 Sótt er um leyfi til að gera stiga milli íbúða í kjallara og á 1. hæð og sameina í eina eign, færa sorp út á lóð og breyta eignaskiptum í kjallara fjölbýlishúss á lóð nr. 32 við Tómasarhaga.
Erindi fylgir yfirlit breytinga og samþykki meðeigenda dags. 6. júlí 2022.
Gjald kr. 12.600.
Frestað. Lagfæra skráningu.
33. Vesturgata 53 - USK22122965 Sótt er um leyfi til að stækka hús í matshluta nr. 01, port hússins hækkað og byggt yfir vesturenda og stækkað til suðurs, jafnframt er sótt um að sameina matshluta nr. 04 og nr. 01 og fjölga íbúðum um eina, í matshluta nr. 01, í húsi nr. 53 á lóð nr. 53-53A við Vesturgötu.
Stærð: xx,x ferm., xx,x rúmm.
Tengt erindi: BN059534
Erindi fylgir greinargerð hönnuðar dags. 20. desember 2022, greinargerð brunahönnuðar dags. 20. desember 2022, heildar varmataps rammi dags. 20. desember 2022, afrit eyðublaðs byggingarleyfis ódags., gátlisti aðaluppdráttu ódags., afrit starfsábyrgðartryggingu hönnuða dags. 20. maí 2022 og umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 12. október 2022.
Frestað. Vísað til athugasemda.

34. Vesturgata 64 - BN061373 Sótt er um leyfi til að stækka bílakjallara, mhl. 08 og byggja þrjú steinsteyppt fjölbýlishús, þriggja og fimm hæða með 58 íbúðum, einangruð og klædd að utan á lóð nr. 64 við Vesturgötu. Erindi fylgir greinargerð um hljóðvist frá Mannvit dags. 12. ágúst 2022 og samantekt á brunavörnum frá Mannvit dags. 1. júlí 2022. Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa 27. október 2022 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags 27. október 2022. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 28. október 2022. Stærð, mhl. 04: 2.456,4 ferm., 6.753,1 rúmm.Mhl. 05: 2.644,2 ferm., 7.161,7 rúmm.Mhl. 06: 1.840,1 ferm., 6.137,1 rúmm.Mhl. 08, stækkun bílageymslu: xx Gjald kr. 12.600.
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða. Með vísan til samþykktar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 22. maí 2013, skal lóðarhafi, í samráði við byggingarfulltrúa, setja upp skilti til kynningar á fyrirhuguðum framkvæmdum á byggingarstað. Í samræmi við samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs dags. 9. október 2013 skal vélknúinn þvottabúnaður vera til staðar á byggingarlóð sem tryggir að vörubílar og aðrar þungavinnuvélar verði þrífnaðar áður en þær yfirgefa byggingarstað. Samráð skal haft við byggingarfulltrúa um staðsetningu búnaðarins. Sérstakt samráð skal haft við yfirverkfræðing byggingarfulltrúa vegna jarðvinnu. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
35. Vínlandsleið 12 - USK22122996 Sótt er um leyfi til að byggja hálfopið skýli úr timbri og glæru þakefni, fyrir allt að 40 reið- og hlaupahjól, sem verður mhl. 2 á nýjum byggingarreit fyrir hjólaskýli á lóð nr. 12 - 14 við Vínlandsleið. Stærð: 60 ferm. Erindi fylgir útgefið mæliblað 4.111.6
Gjald kr. 14.000.
Frestað. Vísað til athugasemda.

Ýmis mál

36. Grandavegur 37 (fsp) - USK23010092 Óskað er eftir hvað þarf að eignin verði ekki lengur ósamþykkt. Eignin er með næga lofthæð, er ekki mikið niðurgráfin, er með sér baðherbergi og svefnherbergi og einnig sér inngang.
Frestað. Óska skal eftir húsaskoðun.
37. Brekknaás 6B - dreifistöð og Brekknaás 2 - 6 og Selásbraut 130 og 132 - USK22100048 Lóðaruppdráttur.
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
38. Dalsmynni vegsvæði - Kjalarnes - mæliblað - USK23010126 Lóðaruppdráttur.
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
39. Drafnarstígur 3 (_1.134.215) L100341 - USK23010112 Lóðaruppdráttur.
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
40. Gufunes - skemmtigarður þrjár nýjar lóðir - 2.272.5 - USK22123016 Lóðaruppdráttur.
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
41. Sogavegur 3 - Stækkun lóðar - 1.810.1 - USK23010153 Lóðaruppdráttur.
Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Fundi slitið kl. 12:00

Nikulás Úlfar Másson

Harri Ormarsson
Vala Ragna Ingólfssdóttir
Guðrún Ósk Hrólfsdóttir

Sigrún Reynisdóttir
Vífill Björnsson